



Iðnaðarráðuneyti

Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík

12020066 ESG
2.2.2
07.05.2012

Skagafjörður, 3. maí 2012
nr. erindis 1203409 MF

Á 591. fundi Byggðarráðs Skagafjarðar þann 3. maí 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Óskað eftir athugasemdum

Svofelld bókun var gerð:

Málið áður á dagskrá 590. fundi byggðarráðs og afgreiðslu þá frestað.

Lagt fram bréf frá iðnaðarráðuneytinu og tilkynnt er um samþykkt bingsályktunartillögu þann 1. febrúar s.l. þar sem iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra er falið að skipa nefnd er móti stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndin hvetur alla sem hagsmuna eiga að gæta og aðra sem áhuga hafa, til að kynna sér bingsályktunartillöguna og senda athugasemdir og ábendingar sem varða mótnun stefnu um raflínur í jörð til nefndarinnar. Frestur til að skila inn umsögnum og athugasemdum er til 18. maí 2012.

Byggðarráð fagnar tillögunni vegna þess að víða hentar betur að leggja rafstrengi í jörð en í lofti og ítrekar forræði sveitarfélaganna í skipulagsmálum er varðar val á línuleiðum.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Byggðarráðs Skagafjarðar

Margeir Friðriksson

Margeir Friðriksson
Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

